

13. gr.

Úthlutunarmönnum er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi um stundarsakir, ef leyfishafi brýtur ákvæði reglugerðgar þessarar, eða fyrir fullt og allt, ef um alvarlegt eða ítrekað brot er að ræða. Slíkum úrskurðum má áfrýja til samgöngumálaráðuneytisins.

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, frá 100—10000 kr., nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum ákvæðum, og skal farið með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.

15. gr.

Þegar eftir birtingu reglugerðar þessarar, skulu úthlutunarmenn innkalla öll þau atvinnuleyfi, sem gefin hafa verið út samkvæmt reglugerð nr. 78 25. júní 1958, og framkvæma síðan úthlutun á grundvelli hinna nýju reglna. Við úthlutun atvinnuleyfa, sem þannig verða gefin út, skulu þeir hafa forgangsrétt, sem fengu þau samkvæmt eldri reglum, enda hafi þeir lagt inn umsóknir til úthlutunarmanna, innan eins mánaðar frá birtingu auglýsingar þar að lútandi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum um leigubifreiðar í kaupstöðum og kaupúnum nr. 40 29. maí 1957, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 78 25. júní 1958.

Samgöngumálaráðuneytið, 27. júní 1962.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um sýluvegaskjöld fyrir Suður-Múlasýslu nr. 94 31. maí 1951, sbr. samþykkt nr. 51 31. maí 1958, um breytingu á þeirri samþykkt.

1. gr.

Við 2. gr. samþykktarinnar bætist í II. flokki við 4. tölulið, Stöðvarhreppur: Borgargarðsvegur, af aðalvegi í Kirkjubólsporpi að Borgargarði. Hólsvegur, af aðalvegi í Kirkjubólsporpi að Hóli.

Á eftir 10. tl. bætist nýr töluliður:

11. Egilsstaðahreppur:

Miðhúsavegur, af Eiðavegi að Miðhúsum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Suður-Múlasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 30. júní 1962.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.